

22. október, 2020

Akraneskaupstaður
Stílholti 16-18
300 Akranes
B.t. Bæjarstjórnar


Efni: Beiðni um styrk til Samtakanna '78 – félags hinsegin fólks á Íslandi

Samtökin '78 óska eftir því að bæjarstjórn styrki þjónustuþætti Samtakanna '78 fyrir árið 2021.

Samtökin '78 bjóða upp á víðtæka þjónustu þegar kemur að fræðslu, ráðgjöf og rekstri félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni. Á árinu 2019 tóku Samtökin '78 á móti 729 skjólstæðingum í ráðgjöf og stuðningshópa, ásamt því að fræða 6.071 manneskju. Aukin aðsókn í þjónustu Samtakanna '78 síðastliðin þrjú ár er um 40% á ári, stór hluti þeirrar aukningar eru börn og ungmenni. Þjónusta Samtakanna '78 hefur staðið, og stendur ávallt, öllum landsmönnum til boða.

Samtökin '78 óska eftir 500.000 króna styrk frá bæjarstjórn.

Virðingarfyllt,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri